- 30

+ 60

- 30/60 +

Samsýning tveggja kynslóða

Kjarvalsstaðir, Listasafn Reykjavíkur

September— október 1998

Sýningarstjórar: Eiríkur Þorláksson og Kristján Steingrímur Jónsson

Inngangur

Ísland er ungt samfélag, sem hefur risið til nútímahorfs með undraverðum hraða á örskömmum tíma, sé litið til lengri þróunar í nágrannalöndunum. Ef til vill er það vegna þessara skjótu breytinga, sem samskipti kynslóðanna hér á landi verða reglulega tilefni til almennrar þjóðfélagsumræðu. Öndverðar skoðanir birtast í fullyrðingum um að unga fólkið hafi engan skilning á því sem hinir eldri hafa enn fram að færa, og að þeir hafi hins vegar lítinn áhuga á því sem æskan er að fást við. Kynslóðabilið opinberast.

Sýningin „ -30 / 60+ " er því skemmtileg tilraun til að leiða kynslóðirnar saman. Valið listafólk, sem komið er yfir sextugt og vinnur enn af fullum krafti við frjóa listsköpun sýnir verk sín við hlið þess sem hin ungu og upprennandi — valinn hópur listafólks sem er þrítugt og yngra — eru að takast á við á fyrstu árum síns listferils.

Birtast okkur einungis andstæður? Eru engin tengsl milli þessara kynslóða listafólks? Eða reynist þráður listsköpunarinnar heill og óskiptur, þegar betur er að gáð? Slíkar eru spurningarnar, sem vakna. Svörin verður hver að finna fyrir sig á sýningunni sjálfri, og ég held að þau komi flestum þægilega á óvart.

Njótið heil!

Foreword

Iceland is a young society, which has become a modern state with amazing speed within a short period of time, compared with a longer evolution in our neighbouring countries. Perhaps it is due to the pace of these changes, that the relationship between the different generations is regularly brought to our attention in a national dialogue. Opposing views are seen in declarations that the young have no understanding of what the older generation still has to offer, and that they themselves on the other hand have little interest in what our young people are doing. The generational gap becomes evident.

The exhibition "-30 / 60+" is an interesting experiment in bringing the different generations together. A select group of artists over sixty years of age, that are still working vigorously creating inspired art, exhibit their works side by side with the young and upcoming — another select group of artists, this time thirty years old or younger — artist that are taking on the first challanging years of their careers.

Are we only faced with opposites? Is there no relationship between these generations of artists? Or is the thread of artistic creation whole and undivided, when we look more closely? Those are the questions that arise. The answers are for each of us to find in the exhibition itself, and I think that will be pleasantly surprising to many of us.

Enjoy!

Formaður menningarmálanefndar Reykjavíkur/*Chair, Cultural Committee of the City of Reykjavík*:

Halldór Björn Runólfsson
listfræðingur

Týnda kynslóðin og hin ófundna

Þegar Mick Jagger söng „Who wants yesterday's paper?" var hann að tóna meiri sannindi en flestir áheyrendur gerðu sér grein fyrir. Það var ekki hið gleymda og grafna sem fékk slæma útreið hjá rokksöngvaranum heldur hitt sem ekki telst lengur nýjasta nýtt. Vegna þeirrar díalektísku formgerðar sem stjórnar tíðarandanum þróast ekkert eftir látlausu og umbrotasnauðu ferli. Ný tíska í fatagerð eða myndlist kemur alltaf á óvart, kemur mönnum fyrir sjónir eins og skrattinn úr sauðarleggnum. Nýjungum fylgir alltaf lúðrablástur því öðruvísi mundi ekkert ferskmeti hasla sér völl.

Til að fyrirbyggja allan misskilning skal þess getið að nákvæmlega sömu lögmál ríkja í tískuheiminum, listum og vísindum. Faðir skammtafræðinnar — þýski eðlisfræðingurinn og Nóbelsverðlaunahafinn Max Planck (1858-1947) — hélt því fram að það væri ekki vegna ágætis síns sem nýjar kenningar næðu fram að ganga. Til happs fyrir framþróun vísindanna týndu gamlir vísindamenn einfaldlega tölunni.[1]

Ein besta sönnun þess að gamalt — eldra en fullorðið — eigi sér viðreisnar von eru landrekskenningar þýska jarðeðlis- og veðurfræðingsins Alfreds Wegeners (1880-1930). Kenningar hans, sem rekja mátti til hugmynda frá 17. öld, gerðu ráð fyrir að eitt sinn hefðu meginlönd jarðarinnar legið saman eins og velskorið púsluspil.[2] Vegna skorts á rökum fyrir þeim kröftum sem fært gætu meginlöndin úr stað missti kenningin smám saman byrinn úr seglunum. Um hálfri öld síðar varð skilningur manna á sigi kaldrar bergskorpu í deiga kviku svokallaðs lághraðalags — *asthenosphere* — til þess að glæða landrekskenningu Wegeners þvílíku lífi að mótrök gærdagsins — frá þriðja til sjöunda áratugar 20. aldar — þykja nú með öllu úrelt og óviðunandi.

Svona gerist framvindan innan við þrítugt og eftir sextugt; allt eins og möttulkraftarnir sem færa til meginlöndin. Allt þar á milli stendur í stað eins og allsráðandi hlass. Gefum þessu gaum: Annar hópurinn — hinir ungu — hafa allt að vinna. Hinir — þeir rosknu — hafa engu að tapa. Er það ekki þetta sem kemur fastalandinu á hreyfingu? Bilið milli þessara tveggja kynslóða er orðið svo breitt að hvor getur horft til hinnar með víðsýni þess sem finnur ekki að sér vegið né frá sér tekið. Sameiginlegur óvinur þeirra er millikynslóðin með öll sín völd og allt sitt olnbogarými — fyrrverandi ungir og verðandi aldnir — sem varpað hafa akkerum í von um að gæftirnar vari að eilífu og aflinn gangi aldrei til þurrðar. Það sem gerir millikynslóðina svo leiðinlega í augum hinna ungu og öldnu er tímaleysið sem hún sveipar um sig; þetta þurra, kyrra, óbreytanlega ástand er eins og eilífur hörpuslátturinn í paradís.

Svo er það ólgan andspænis viskunni. Á þrítugsaldri afkasta menn eins og væru þeir í akkorði. Menn á sjötugsaldri og eldri vinna eins og sá sem ekki þarf lengur að hugsa um munn sinn og maga. Magnið mætir gæðunum í undraverðri sátt og samlyndi. Hraðinn og dýptin — alfa og ómega — eru einu almennilegu gildin í listinni. Allt annað er innantómt nudd til að fylla askana og koma til móts við þá sem aldrei fá nóg af hinu kunnuglega. Það er jafnspennandi að fylgjast með ungum tilraunum og rosknum því hvorar tveggja eru svo lausar við fullvissu. Ungmenni og öldungar eru nefnilega ekki í tölu nýtra þjóðfélagsþegna — eiga eftir að öðlast sómasamlegan þegnrétt ellegar eru búnir að glata honum fyrir aldurs sakir. Því er engin utanaðkomandi eftirvænting bundin þessum aldursskeiðum. Franski listmálarinn Henri Matisse (1869-1954) var jafnóútreiknanlegur fyrstu tólf ár listferils síns og tólf hin seinustu. Svanasöngur hans var jafn djarfur og ferskur og vorröddin. Hið sama hefur mönnum fundist þegar þeir lesa *Vefara* Halldórs Laxness og *Innansveitarkróniku*. Þessi alfa hins hálfþrítuga og ómega hins roskna eru einstök í íslenskri skáldsagnagerð. Það átti nefnilega enginn von á slíkri skvettu.

Listamenn þurfa frið; einkum fyrir fjölmiðlafárinu. Þeir ungu taka það gjarnan í þjónustu sína til að snúa út úr heimskunni og skruminu sem alltaf leynist í farteski frægðarljómans. Hver man ekki eftir fjórmenningunum frá Liverpool og öllu fjargviðrinu þegar þeir viðurkenndu að hafa reykt hasartað á klósettinu í Buckingham um leið og þeir þáðu orðu Breska heimsveldisins úr hendi drottningar? Halda menn ef til vill að Bítlanna verði minnst fyrir þessar taðreykingar þegar fram líða stundir? Hneyksli er gömul auglýsingabrella sem ávallt hittir í mark. Það er vegna þess að almenning dreymir um að láta hneykslast. Að öðrum kosti dræpist hann úr leiðindum.

Það sem ungur nemur, gamall temur. Rosknir listamenn hneyksla ekki í auglýsingaskyni heldur til að staðfesta ósk sína um langþráðan frið fyrir þeim sem spinna upp þetta ódýra hugarvíl á kostnað þeirra. Japanskir listamenn skiptu um nafn þegar frægðin var að sliga þá. Sumir meistarar Ukiyo-e skólans í Tokyo 18. aldar voru búnir að taka sér allt að tíu nöfn áður en ævin var öll. Vestrænir listamenn þurfa hins vegar ekki annað en breyta um stíl til að falla í áliti hjá áhangendum sínum. Smávægileg stílbrigði geta kostað þá vinsældir og komið þeim fjárhagslega á kaldan klaka. Það er regla fremur en undanteking að viðskiptavinir þeirra sakni gamla stílsins. Þegar rosknum listamanni finnst vera farið að þrengja ískyggilega að sér með því almenningur þykist vita hvar hann hefur hann þarf viðkomandi ekki annað en hrista sig duglega og þá endurheimtir hann hið langþráða athafnafrelsi æskuáranna.

Kristjáni Davíðssyni reyndist harla auðvelt að finna nýjan flöt á list sinni í upphafi áratugarins. Þá tók teikningin, sem alltaf lá til grundvallar stílbrigðum hans sem listmálara, að gægjast undan litrófinu og öðlast sjálfstætt líf. Pensildrættirnir sem ávallt hafa verið í ætt við austurlenska táknskrift urðu nú allt í einu mun greinilegri en áður vegna þess að ekkert dró athyglina frá leikandi flæði þeirra. En jafnframt urðu aðrar augljósar breytingar í verkum Kristjáns. Hliðarverkanir teiknistílsins voru dýptarbrigði sem ekki gætti í eins miklum mæli í litfögrum málverkum listamannsins. Þannig hafa

flatakennd áhrifin í fyrri verkum, þar sem allt fór fram á ytra byrðinu, þokað fyrir óvæntri togstreitu milli þess sem gerist í hinum ýmsu lögum yfirborðsins líkt og striginn væri orðinn gagnsær og margþátta. Þannig er virknin í hinum nýju verkum öll önnur og ríkari en í fyrri myndum listamannsins þó svo litunum sé nánast haldið í skefjum á kostnað teikningarinnar.

Skilningur Kristjáns á möguleikum málverks sem teikningar er sprottinn af svipaðri víðsýni og verið hefur leiðarljós Ásgerðar Búadóttur gegnum tíðina. Ásgerður hefur ávallt litið á vefnað sem jafnverðugan miðil til myndrænnar tjáningar og hvaðeina sem aðrir listamenn kjósa sér. Sú afstaða hefur forðað henni frá því að lenda í ófrjórri mælingu á eigin tækni eftir skala sem aðrir hafa ákvarðað. Að vísu hefur hún áreiðanlega fengið að heyra margt misjafnt frá kollegum sínum sem þóttust hafa valið sér verðugri vettvang. En hún hefur svarað slíkum aðdróttunum með því að skjóta þeim ref fyrir rass, enda standa henni ekki margir á sporði í listrænni skarpskyggni. Sparsemi hennar og hugmyndaflug eru afsprengi þeirrar heiðar sem bauð mönnum smekkvísi af því hún var hagkvæmari en smekkleysið.

Óhóf getur sjaldnast af sér góða list. Látleysið sem einkennir myndir Ásgerðar er sprottið af þeirri vissu hennar að meðalhófið sé snöggtum vænlegra en bruðlið. Ríkidæmið felst í vandvirkninni og frágangnum, en Ásgerður litar sjálf bandið sem hún notar í vefmyndir sínar. Það ljær myndum hennar þann einstæða þunga sem endurspeglar svo vel íslenska náttúru og meitlað svipmót hennar. Þar með er Ásgerður í raun einn okkar frumlegasti landslagslistamaður þótt fæstir vilji við það kannast.

Ásgerður á sér reyndar skáldsystur í Guðmundu Andrésdóttur, þar sem formfastar og ryþmískar abstraktmyndir Guðmundu liggja nær vefnaði en málaralist. Það þarf ekki að kanna myndraðir hennar lengi til að sjá hve mikla tilfinningu hún hefur fyrir þráðum strigans, og hve teikningin fer nærri vefnaði. Það mætti taka hverja einustu mynd Guðmundu og hnýta eftir henni stórfengleg teppi, svo náskyldar eru þær vefnaði.

Þannig mætast þær á miðri leið, Ásgerður og Guðmunda, og gætu hæglega víxlað tækni sinni því víðsýni beggja teygir sig langt út yfir landamæri þeirra miðla sem þær kusu sér í öndverðu. Málverk Guðmundu eru alsett þráðum sem vinda sig eins og bönd um hringlaga form og minna óneitanlega á medalíur í gömlum, íslenskum myndvefnaði. Svipuð lögmál stjórna tígullaga formteikningunni í nafnlausum abstraktmyndum hennar frá sjötta og sjöunda áratugnum. Það er einna líkast því að ofnir þræðir liggi þvers og krus um allan myndflötinn líkt og í þéttriðnum Penelópuvef.

Hafi þær Guðmunda og Ásgerður stækkað mengi miðla sinna skaraðist myndlist Jóhanns Eyfells og þeirra með ýmsum óvæntum hætti. Hringmyndaðar náttúruteikningar Jóhanns, prentmyndir af sjálfri jörðinni sem minna á skífur eða pizzur, eiga óramargt sammerkt með vefnaði. Reyndar voru hraunmyndaðar höggmyndir listamannsins á mörkum þess að geta talist höggmyndir í eiginlegum skilningi. Þær voru skyldari gullgerðarlist alkemistans; málmskífur gerðar af náttúrunni með sjálfa jörðina sem mót.

Um leið vísuðu þær sem slíkar til skartgripagerðar bronsaldarinnar og guðdómlegra sólvagna frjósemisdýrkenda frá forsögulegum tíma. Stærð þeirra var þó fremur í ætt við evrópska bautasteinalist og tröllsleg tækni Jóhanns við gerð verka sinna minnir óneitanlega á forsögulega stórsteinalist. Verk hans eru stórbrotinn óður til náttúrunnar og sköpunarmáttar sjálfrar móður jarðar. Formrænt séð má rekja þau til sömu uppsprettu og þeirrar sem mótaði frjálsan og kalligrafískan stíl Kristjáns Davíðssonar. Jóhann brýtur öll lögmál hefðbundinnar höggmyndalistar til þess eins að gera umfang hennar stærra og margræðara.

Í þeim efnum á hann sér sálufélaga í Magnúsi Pálssyni, listamanni sem aldrei hefur þreyst á að endurskilgreina þá list sem hann fæst við. Höggmyndalist er að mati Magnúsar allt það sem með einhverjum hætti breytir eða mótar umhverfið. Þar gildir einu hvort virknin er af völdum gipsmótunar eða raddar sem berst úr hátalara. Lifandi fólk er jafnverðugur efniviður og leir svo lengi sem það nýtist manni til mótunar og tjáningar. Gjörningar og leikhús eru fullgildir miðlar til tímabundinnar höggmyndagerðar. Reyndar hafa staðlaðar skilgreiningar lítið gildi fyrir Magnús því heimurinn er fyrir löngu búinn að umbreyta þeim og upphefja. Eftir standa möguleikarnir til endalausrar nýsköpunar og umsköpunar.

Afstaða Magnúsar er eins fjarlæg afstöðu Errós og hugsast getur. Þar sem Magnús eygir möguleikana sér Erró ómöguleikana. Móti rómantísku viðhorfi leiktjaldahönnuðarins teflir hasarmyndamálarinn kaldhamraðri heimssýn sinni þar sem uplýsingakvörnin heldur áfram að mala endalaust malt og salt í nafni myrkrahöfðingjans. Meðan Magnús hellir sér út í málræna lykla tungutaksins fullviss um að þar megi sundurgreina merkingarbær skilaboð sýni menn næga þolinmæði, veitir Erró hinum sýnilega táknheimi jafnt vægi á yfirborðinu eins og til að skemmta skrattanum. Því hann veit að hversu gagnsær og augljós sem hver einasti fermetri er í málverkum hans virðist, reynist upplýsingaflóðið meiningarlaust fen þar sem enginn getur fótað sig — allra síst sá sem telur sig hafa höndlað kjarna tilverunnar.

Þannig býr í Magnúsi bjartsýni módernistans í sæmilegri sátt við svartsýnan postmódernisma Errós. Meiri er varla hægt að hugsa sér breiddina í þeirri kynslóð sem sleit barnsskónum fyrir síðari heimsstyrjöld. Týnda kynslóðin frá sandkössum millistríðsáranna á sér óvenjulega breidd í þeim sex listamönnum sem komnir eru á sjötugsaldurinn og betur. Getur verið að þessi breidd endurspeglist í verkum ófundnu kynslóðarinnar?

Óhætt er að tala um mikla breidd meðal þeirra ríflega tuttugu listamanna af ófundnu kynslóðinni sem fengnir hafa verið til leiks á Kjarvalsstöðum. Það sem tengir þessa listamenn við sexmenningana áðurnefndu er tilfinning þeirra fyrir miðlunum sem þeir hafa valið sér, svo og hispurslaus framgangsmátinn. Það er ekki svo lítið þegar þess er gætt að miðlarnir eru oftar en ekki gjörólíkir. Það sem í fyrstu virðist alls ólíkt afsprengi listrænnar leitar á sér engu að síður rætur í hinni gagnrýnu og meðvituðu afstöðu sexmenninganna. Ófundna kynslóðin gengur ekki frekar en týnda kynslóðin að miðlum

sínum gruflandi. Áhugi hennar á tilraunum er áþekkur, en jafnframt skilningur hennar á takmörkum þess efniviðar sem hún velur sér. Það er merkilegt hvað báðar þessar kynslóðir eru lausar við grillurnar sem herja svo gengdarlaust á marga aðra. Hvorugri lætur sér til hugar koma að allt sé hægt að gera, eða hitt að frelsið sé fólgið í hugsunarlausri útrás.

Þegar allur hópurinn er saman kominn í sölum Kjarvalsstaða mun það sjálfsagt renna upp fyrir mörgum að tengslin milli jaðarkynslóðanna — þeirrar týndu og hinnar ófundnu — eru miklu fjölþættari en hægt var að gera sér í hugarlund. Það hlýtur að verða gestum sérleg skemmtun að uppgötva þessa leyndu þræði og heilsa ófundnu kynslóðinni, um leið og þeir rifja upp fyrri kynni af þeirri týndu.

Tilvitnanir:

1) Max Planck: *Scientific autobiography and other papers*, New York, 1940. Bls. 33-34.
2) Alfred Lothar Wegener: *Die Entstehung der Kontinente und Ozeane*, Berlín, 1915.



Ari Alexander Ergis Magnússon
Jóhannes S. Kjarval/*The painter Jóhannes S. Kjarval*, 1997



Ásgerður Búadóttir
Af jörðu/*From Earth*, 1992

Ásmundur Ásmundsson
Brothætt/*Fragile*, 1998

Eaglethorp
Egill Sæbjörnsson
Innsetning/*Installation*, 1998



Erling Þ.V. Klingenberg
Listamenn/*Artists*, 1998

Erró
Konan á málverkinu/*The Woman in the Painting*, 1997



Gabríela K. Friðriksdóttir
Án titils/*Untitled*, 1998



„Það er alltaf að verða mikilvægara og mikilvægara að þekkja listamanninn"
"It's always getting more and more important to kvow the artist"

Gjörningaklúbburinn
The Icelandic Love corparation
Hótel Paradís / *Hotel Paradise*

Guðmunda Andrésdóttir
Án titils/*Untitled*, 1996

Hekla Dögg Jónsdóttir
Sandgryfja/*Bunker*, 1998

Helgi Hjaltalín Eyjólfsson
Heimasmíðuð teygjubyssa fyrir örvhenta/
***Home-made slingshot for left-handed*, 1997**

Hlín Gylfadóttir
Appelsína, endurvinnanleg/*Orange, recyclable* , 1998



Hlynur Hallsson
Landamæri — Sviss/*Borderline — Switzerland*, 1998

Hrafnhildur Arnardóttir
Portrettstúdió Hrafnhildar/*Portrait Studio Hrafnhildur*, 1998

Hreinn J. Stephensen
Blue Moon— myndband/*video*, 1998

Jóhann Eyfells
Án titils/*Untitled* — *Receptual Art*, 1987

Kristján Davíðsson
Án titils/*Untitled, 1997*

Magnús Pálsson
Sólskríkja, mús, kengúra/*Hummingbird, mouse, kangaroo*, 1980/94

Margrét H. Blöndal
Innsetning/*Installation*, 1996



Nína Magnúsdóttir
Innsetning/*Installation, 1996*

Særún Stefánsdóttir
Kossinn/*The Kiss*, 1998

Valgerður Guðlaugsdóttir
Landslag með handvagni/*Landscape with handwagon*, 1998

Þorbjörg Þorvaldsdóttir,
Þrjár konur í lautarferð/*Three Women on a Picnic*, 1998

Þóroddur Bjarnason
Taktu börnin með/*Bring your Children*, 1998

Halldór Björn Runólfsson
art historian

The lost Generation and the unfound one

When Mick Jagger sang "Who wants yesterday's paper?" he was chanting more truth than most could have realized. It was not the lost and forgotten which was the rock singer's target, but that which is no longer entirely new. Because of the dialectical order prevalent in modern lifestyle nothing evolves in a bashful, unboisterous way. New trends in fashion and art always startle. They are heralded with trumpeting, since otherwise all novelty would pass unnoticed.

In order to avoid any misunderstanding it is worth mentioning that the same laws seem to prevail in fashion, art and science. The father of the quantum theory — the German physicist and Nobel prize winner Max Planck (1858-1947) — maintained that it was not due to their excellence that new scientific theories were accepted. To the benefit of scientific progress old scientists simply passed away[1].

One of the best evidence that the antiquated — older than the recent — has a pontential future is the theory of the continental drift put forward by the German geophysicist and meteorologist Alfred Wegener (1880-1930). His theory — based on observations first mentioned in the 17th century — proposed that the continents were once gathered as a well cut puzzle.[2] Because of the lack of evidence of forces capable of moving the continents Wegener's theory gradually lost its plausibility. Half a century later the understanding of the submersion of the hardened crust into the bland mantle of Earth's asthenosphere gave Wegener's theory such incentive that all contesting theories — from the thirties to the sixties — have been found irrelevant and obsolete.

Such are the mechanisms of the evolution before the age of thiry and after the age of sixty, reflecting the motions of the mantle which produce the continental drift. Everything in between stays put as a static, all-embracing mass. Let us look closer: the first group - the young — have everything to gain, while the others — the old — have nothing to lose. Isn't it precisely what gets the continents going? The seperation between the two generations has become so great that each can observe the other with the broad-mindedness which transcends any paranoia or inferiority complex. Their common enemy is the middle-aged generation with all its power and freedom of action — the past young and the future old — which has cast anchor in hope of eternal fair weather and endless prosperity. What makes this generation so uninteresting in the eyes of both the young and the old is the timelessness with which it envelops itself; the dry, dreary monotony is like the eternal harp playing in Paradise.

Emotions versus wisdom constitute another complementary factor. Artists under thirty are prolific beyond belief. At sixty or more they work as he who no longer needs to worry about where his next meal is coming from. Abundance meets quality in an extraordinary cordiality. Speed and depth — the alpha and omega — are the sole values in art. Everything else is an empty polishing in order to put food on the table and serve those who never get enough of the familiar. It is equally exciting to follow young experiments as those done by the old, because both are so free of dogmatic convictions. Youngsters as well as the old are not a part of the so-called "contributing" society. Either they haven't received a full civil status, or they are past it. There is therefore no external expectation invested in these age group. The French artist, Henri Matisse (1869-1954) was equally unpredictable the first twelve years of his career as during his last twelve years. His swansong was as daring and fresh as his voice of spring. Similar views are expressed by the readers of Halldór Laxness, the 1955 Nobel prize winner of literature. His *Great Weaver of Kashmir* and *Chronicle within the Province* — the alpha and omega of his novelistic writing — are astounding pinnacles of modern Icelandic literature, since both caught the public by sheer surprise.

Artists need peace; above all from the mania of the media. Young artists often employ the media's service in order to twist and turn the shallow puffery which goes with stardom. Everybody remembers the four youngsters from Liverpool and the turmoil they created when they admitted having smoked marijuana in the toilettes of Buckingham Palace as they received the Order of the British Empire from the Queen. Does anyone think that the Beatles are remembered because of this particular incident? Scandalizing is an old trick of the trade which always seems to succeed. The reason is the public's wish to be scandalized. Otherwise it would die of boredom.

What the young learn, the old master. Older artists do not create scandal for the sake of publicity. They do it in order to state their wish for a long desired rest from the scandalmongers who spin their tales to thrive on them. Japanese artists used to change their names when they felt choked by fame. Some of Tokyo's 18th century Ukiyo-e masters had assumed as many as ten different names before they died. Western artist on the other hand only need to change their style in order to rid themselves of their admirers. A slight change of procedure can cost them a fall in popularity resulting in financial havoc. Without exception their customers miss the old style. When an established artist finds himself entrapped by a public which thinks it knows where he is heading he only has to reorient himself sufficiently in order to regain his former freedom of action.

It was rather easy for Kristján Davíðsson to find an unexplored side to his art in the beginning of the nineties. The draughtsmanship, which from the onset had been the basis of his painting style, began to emerge from the colour scheme and find its own independence. His brushwork — always close to Oriental calligraphy — now distingushed itself more clearly as nothing diverted attention from its spontaneous flow. But other apparent changes followed as side effects of the new style. Depth, which hitherto had only been a minor effect due to the preponderance of the colour, now domi-

nated the field. The horizontal accents of his former paintings where everything occurred at the surface have receded before a sudden tension between the different layers of the picture plane as if the canvas had become transparent and multi-surfaced. Thus the visual effect of the recent paintings is very different and richer than that of his former works, even though the colour is virtually subdued by the drawing.

Davíðsson's understanding of painting's possibility as a drawing stems from similar broad-mindedness as that which has guided Ásgerður Búadóttir throughout her career. Búadóttir has always seen textile as equal to any other media employed in the visual arts. This attitude has saved her from the fruitless measuring of her own medium according to a scale which others have fashioned. She has probably heard a lot of different opinions from colleagues who pretended to have chosen a worthier field. But outstanding as she is she has answered such allegations by simply outshining them. Her economic style and imagination are the legacy of a tradition which induced taste because it was more practical than no taste.

Excess seldom leads to good art. The subtlety of Búadóttir's works stems from her conviction that continence is more efficient than lavishness. Richness resides in care and elaboration. The yarn is coloured by the artist herself, a factor which enhances the preeminent monumentality of her work, reflecting Icelandic nature and its chiselled aspects admirably. Thus Búdóttir is in reality one of our most original landscapists - a fact not acknowledged by many.

Búadóttir has in fact an artistic counterpart in Guðmunda Andrésdóttir, as her formal and rythmical abstract works owe more to textile than painting. In front of her series one soon discovers how sensitive she is to the texture of the canvas, and how close to tapestry her graphical style is. It is possible to take each and everyone of her paintings and turn them into great works of textile, so close are they to the art of weaving.

Thus Búadóttir and Andrésdóttir meet in the middle of the road. They could easily exchange techniques as their broadminded approach easily transcends the limits of the media they adopted in the beginning of their careers. Andrésdóttir's paintings are richly layered with threads which wind like yarn around circular forms akin to the medallion-like episodes in mediaeval Icelandic tapestries. Similar order characterizes the diamond-shaped division of her untitled abstract paintings in the fifties and sixties. They look as if yarn had been vowen across the picture plane, turning it into Penelope´s dense weave.

